

Velta vöngum yfir lífinu á Austurlandi að lokinni uppbyggingu virkjunar og álvers

Skapa þarf öfluga liðsheild á Austurlandi



Varkári "Eiga Austfirðingar að láta þau skilaboð frá sér að nú sé rétt að gera fimm ára hlé á frekari stóriðjuuppbyggingu í landinu og sjá hvernig þetta virkar hjá þeim og eftir það verði framhaldið skoðað?" sagði Andri Snær Magnason í framsöguerindi

á landsbyggðarþinginu. — Morgunblaðið/Steinunn Ásmundsdóttir

Byggðarþingið Lífið eftir virkjun var haldið á Hallormsstað um helgina.

Meginniðurstaða þingsins er að afar mikilvægt sé að skapa jákvæðan liðsanda innan Austurlandsfjórðungs og efla starfsemi frjálsra félagasamtaka, sem vinna að margvíslegum framfaramálum fyrir byggðir landsins.

Auk fjölbreyttra framsagna tókust umræðuhópar þinggesta á við þær spurningar hvernig innviðir samfélagsins á Austurlandi myndu líta út að byggingu

Kárahnjúkavirkjunar og álvers Alcoa Fjarðaáls á Reyðarfirði loknum, hvernig atvinnulífi, þjónustugreinum og nýsköpun reiddi af og hver ímynd svæðisins kemur til með að verða.

Hvað innviði samfélagsins varðar er niðurstaða þingsins sú að gæta þurfi þess að menningar- og félagslíf á Austurlandi standi áfram með blóma og eflist með fólksfjölgun. Huga þurfi sérstaklega að aðkomu erlendra innflytjenda og tengingu þeirra við það menningarlíf, sem fyrir er um leið og þeir fái að halda sínum sérkennum. Kappkostað skal að sú umræða sem Austurland hefur fengið undanfarin ár nýtist sem best til jákvæðrar kynningar á landshlutanum og hjálpi til við að skjóta fleiri stoðum undir atvinnu- og félagslíf þar sem gætt verði að því að konur og karlar njóti jafnrar stöðu. Halda verður gömlum gildum úr mannlífinu til haga ásamt sögu byggðanna, um leið og horft er til framfara á öllum sviðum. Opinber þjónusta þarf að eflast í takt við fólksfjölgun og eflingu atvinnulífs. Bættar samgöngur innan fjórðungs eru lykill að sterku samfélagi, sem þó verður áfram byggt á misfjölmennum þéttbýliskjörnum auk dreifðari byggða. Lykilatriði þykja innbyrðis tengingar byggða á Austurlandi, tengingar landshlutans við önnur lands- og heimssvæði auk samtengingar hinna ýmsu atvinnugreina, sem þrífast munu í fjórðungnum í framtíðinni.

Atvinnuvegirnir og hagkerfið

Þingið reiknar með að á Austurlandi muni búa um 15.000 manns í náinni framtíð og megi búast við að störf beint og óbeint tengd stóriðju verði um 20% af störfum í fjórðungnum. Stuðningur samfélagsins við jaðarbyggðir sé því nauðsynlegur til að draga úr ruðningsáhrifum. Stjórnvaldsaðgerðir þykja fram til þessa oft á tíðum hafa

verið atvinnuvegum hamlandi. Í stað opinberra styrkja þurfi að vinna að því að gera fyrirtæki samkeppnishæfari. Menntun og öflugri einingar séu mikilvægur þáttur í þessu sambandi. Sameiningar og klasamyndanir fyrirtækja séu einnig nauðsynlegar til að ná þessu markmiði og gera nýliðun mögulega. Aukin fjölbreytni í atvinnulífi verði til að jafna sveiflur í hagkerfinu. Til skamms tíma megi ætla að grunnatvinnugreinar geti átt í erfiðleikum með að keppa um það vinnuafli sem stóriðja á Austurlandi sækir í. Til lengri tíma litið megi þó ætla að jöfnuður komist á. Stærsta atvinnutækifæri Íslendinga sé þekkingariðnaður í víðum skilningi. Enn sem komið er hafi fjárfestar því miður verið ófúsir að leggja fjármagn í slík fyrirtæki. Þjónusta í víðum skilningi og ferðamennska séu ennfremur atvinnugreinar í örum vexti. Þessum atvinnugreinum verði að hlúa að með aukinni menntun og færni til að þær verði samkeppnishæfari.

Náttúran og menningin

Byggðapingið komst einnig að þeirri niðurstöðu að virkjunarumræðan hafi breytt ímynd Austurlands og kynnt landshlutann frá nýju sjónarhorni og telur stofnun þjóðgarðs norðan Vatnajökuls skapa ný tækifæri. Önnur afleiðing umræðunnar er breytt viðhorf landsmanna til náttúruverndar, sem geri viðhorf þeirra jákvæðara gagnvart ósnortinni náttúru. Ef vel tekst til gætu stór fyrirtæki aðstoðað við náttúruvernd. Gæta þarf þó þess að samfélagið og náttúran verði ekki háð einhverjum einum stórum vinnuveitanda, heldur verði valdið í höndum heimafólks. Umræðan hefur einnig áhrif á þróun stóriðju á Íslandi öllu. Rannsóknir muni leiða í ljós hvaða ávinningur er af slíkum framkvæmdum og einnig hvaða aðrir valkostir eru í boði. Megi þar sem dæmi nefna heilsutengda ferðaþjónustu og aðra slíka starfsemi. Þingið telur mikilvægt að fjölbreytt atvinnuuppbygging samhliða virkjun og stóriðju, auki stuðning við lista- og menningarlíf á Austurlandi verulega.

Yfirsýn á möguleikana

Þingið telur að gæta þurfi þess að nýr stór vinnustaður þrengi ekki að annarri atvinnustarfsemi og smáum fyrirtækjum og á þar við álver Alcoa Fjarðaáls. Þau þurfi áfram á sínu starfsfólki að halda ásamt fjármagni. Þá þurfi einnig að skapast ný atvinnutækifæri fyrir þá sem nú starfa að hinum tímabundnu framkvæmdum. Mjög mikilvægt sé að hraða úrbótum á sviði samgöngumála til að efla atvinnulífið í víðum skilningi. Til þess að einn stór vinnuveitandi verði ekki of áhrifamikill sé mikilvægt að efna til stóraukins samstarfs innan Austurlands, þannig að það myndi eina heild, og að uppbygging verði markviss og góð yfirsýn fái stöðugt yfir möguleikana. Á þann hátt geti auðveldlega fundist ný tækifæri til nýsköpunar í þjónustugreinum. Sú uppsveifla sem nú stendur yfir hlýtur að skapa íbúum fjórðungsins djörfung og byr til þess að efla samfélagið.

Um 60 manns sóttu byggðapingið, sem haldið var af samtökunum Landsbyggðin lífi og Framfarafélagi Fljótsdalshéraðs.

Tími fyrir sóknarleik

"Í UMRÆÐU um stóriðju hefur nokkuð borið á því að uppbygging orkufreks iðnaðar gerist á kostnað einherrar annarrar þróunar og þarna finnst mér örla á hinu gamla viðhorfi um að sé eitthvað í vexti þá komi það niður á einhverju öðru annars staðar," sagði Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar og stjórnarmaður í Alcan Iceland, á byggðaþingi um lífið eftir virkjun á Austurlandi sl. laugardag.

Í hnotskurn var niðurstaða þingsins sú að afar mikilvægt sé að skapa jákvæðan liðsanda innan Austurlandsfjórðungs og efla starfsemi frjálsra félagasamtaka sem vinna að margvíslegum framfaramálum fyrir byggðir landsins.

"Ég get ekki séð að virkjun á Austurlandi hafi neikvæð áhrif á fyrirtækið sem ég starfa hjá, aðeins sterkt og stöðugt efnahagslíf sem er af hinu góða," sagði Jón jafnframt og taldi það einkenna efnahagslíf Íslendinga að þeir hefðu spilað varnarleik miklu lengur en aðrar þjóðir og stutt væri síðan fjölgaði í sókninni. Viðbrögð við breytingum hefðu lengst af einkennd af varnarviðbrögðum. Löngu tímabær sóknarleikur einkenndist m.a. af því að hætta að standa vörð um úrelta atvinnu og atvinnuhætti sem væru á hnignunarskeiði. Mikilvægt væri að kalla ekki á lög og reglugerðir, sem væru þess eðlis að geta stöðvað neikvæða þróun en hefðu þær slæmu hliðarverkanir að stöðva einnig jákvæða þróun. Þá væri skynsamlegt að neita öllum sértækum styrkjum. Þeir virki eins og eiturlyf með skammvinnri vellíðan sem breytist í andstæðu sína og fyrr en varir sé skaffarinn sem útvegur styrkina farinn að stjórna. Þá lagði Jón til að Austfirðingar krefðust aðgerða sem kæmi heildinni til góða og auðveldi framkvæmdir, framtak og búsetu, svo sem betri samgangna, samskipta, blómlegri menningar og síðast en ekki síst aukinnar menntunar í héraði. "Ef við tökum sértækar byggðaaðgerðir er menntun held ég sú einasta sem hefur skilað verulegum árangri," sagði Jón í erindi sínu.

Í hnotskurn

- » Íbúar Austurlands verða 15.000 í náinni framtíð og má búast við að störf beint og óbeint tengd stóriðju verði um 20% af störfum í fjórðungnum.
- » Efna þarf til stóraukins samstarfs innan Austurlands, þannig að það myndi eina heild, og að uppbygging verði markviss og góð yfirsýn fáist yfir möguleikana.
- » Menntun og öflugri einingar eru mikilvægur þáttur og hraða þarf úrbótum á sviði samgöngumála.
- » Stuðningur samfélagsins við jaðarbyggðir er nauðsynlegur til að draga úr ruðningsáhrifum.
- » Halda þarf gömlum gildum úr mannlífinu til haga ásamt sögu byggðanna, um leið og horft er til framfara á öllum sviðum.